

Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. maí 2016

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningur), 680. mál.**

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, SMK, taka ekki afstöðu til einstakra atriða í nýjum búvörusamningi og líta svo á að efnisinnihaldið sé samningsatriði milli bænda og ríkisins. Þó vilja samtökin fagna auknum stuðningi við framleiðslu á nautakjöti en verulegur skortur hefur verið á innlendu nautakjöti undanfarin ár. Jafnframt vilja þau koma eftirfarandi á framfæri varðandi búvörusamningana:


1. Flest úrvinnslufyrirtæki í mjólkur- og kjötiðnaði eru nátengd íslenskum landbúnaði og starfsskilyrði þeirra byggjast á öflugri innlendri framleiðslu og stöðugleika. Stöðugt rekstrarumhverfi er greinunum afar mikilvægt en tollar á innfluttar vörur eru hluti af rekstrarumhverfi greinanna. Samtökin fagna því að búvörusamningarnir skuli gerðir til langs tíma sem tryggir stöðugleika á samningstímanum en ítreka að sambærilegur stöðugleiki er nauðsynlegur í tollaumhverfinu sem greinarnar búa við.
2. Ekki er hægt að ræða nýjan búvörusamning án þess að tengja hann við nýgerða tollasamninga við Evrópusambandið. Aukinn innflutningur osta og unninna kjötvara kemur óhjákvæmilega niður á innlendri mjólkur- og kjötvinnslu. Samkvæmt samningnum eykst tollfrjáls innflutningur á unnum kjötvörum um 600 tonn á ári og á ostum um 510 tonn, sjá meðfylgjandi töflu. Þessi aukni innflutningur mun hafa veruleg áhrif á innlendar vinnslur og eðlilegt er að stjórnvöld bregðist við með viðeigandi hætti til að mæta svo mikilli aukningu frá svæðum sem búa við mun lægra hráefnisverð en íslenskir framleiðendur. Mikilvægt er að viðhalda stuðningi við innlenda framleiðslu til að tryggja mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækjum hráefni á samkeppnishæfu verði. SMK vekja jafnframt athygli á starfshópi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði til að kanna áhrif tollasamnings við ESB og hvetja til tekið verði tillit til tillagna hans.
3. SMK benda á að mun meiri kröfur eru gerðar til heilbrigðis ferskra svína- og alifuglaafurða en í öðrum Evrópuríkjum með tilheyrandi kostnaði. Samtökin leggja áherslu á að gerðar verði sömu kröfur til innfluttra afurða og innlendra hvað heilbrigði og lyfjanotkun snertir.

### Aukning tollkvóta frá ESB þegar tollasamningar taka gildi

Tegund	Núverandi tollkvóti	Nýr kvóti skv. samningi	Samtals
Nautakjöt	100	596	696
Svínakjöt	200	500	700
Alifuglakjöt	200	656	856
Lífrænt alifuglakjöt	0	200	200
Þurrkað og reykt kjöt	50	50	100
Pylsur	50	200	250
Unnar kjötvörur	50	350	400
Ostur	80	300	380
Sérstakir ostar	20	210	230

Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja lýsa yfir stuðningi við að nýgerðir búvörusamningar verði samþykktir og vísa jafnframt til umsagna Landssamtaka sláturleyfishafa og Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði um einstök atriði sem lúta að hagsmunum þessara greina.

F.h. Samtaka mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja

  
Gunnar Þór Gíslason, formaður